Sérstætt framlag Péturs Maack til ljósmyndasýningarinnar Ljós '75


Sýnir um 40 myndir af sömu stúlkunni

— Já, ég get ekki sagt annað, en að mér þyki skemmtilegra að fást við bundið verkefni — þetta er eins og með skólaritgerðirnar — það var skemmtilegra að glíma við eitthvað ákveðið verkefni en þegar valið var frjálst. Mér finnst þetta gera meiri kröfur til mín og það gefur auga leið að það verða að vera mjög frambærilegar myndir, þegar sýningargesti er boðið upp á að sjá 30—40 myndir af sömu manneskjunni. Nú — ég hafði löngun til að reyna þetta, því að ég hef aldrei áður tekið fyrir neitt ákveðið tema. Hins vegar má segja, að ég hafi valið mér talsvert þröngan ramma, þegar aðeins ein persóna á í hlut, — og það var vissulega nokkrum erfiðleikum bundið að finna tíma, sem hentaði okkur báðum í þá mánuði, sem ég vann að þessu verkefni.

Tíðindamaður þáttarins Með Ungu Fólki er staddur að heimili og vinnustofu Péturs Maacks ljósmyndara — vel að merkja, ir, — og þegar ég hafði kynnzt henni talsvert þá fyrst fór einhver árangur að koma fram. Um alllangt skeið var ég eins og grár köttur í Þjóðleikhúsinu, ýmist uppi í rjáfri eða niðri á sviði. Hvað margar myndir í allt? Látum okkur nú sjá, — ætli það hafi ekki verið um 3000 myndir í allt sem ég tók af henni.


Strákarnir þrír unnu af kappi á heimili Péturs við að skera og líma upp myndir, — og voru húsakynnin öll undirlögð. — Það er nú kannski ekki mikið þó að allt hér sé undirlagt, — en heima hjá Gunnari — sem er að byggja uppi í Mosfellssveit — er myrkrakompan það eina, sem er búið að ganga frá í húsinu, segir Pétur. — Ég held, að fólkið í næsta nágrenni haldi líka að við séum eitthvað meira en lítið skrítnir, bætir hann við.

Pétur, Kjartan og Gunnar munu sýna á milli 100 og 110 myndir á sýningu sinni, en ennfremur hafa þeir fengið sérstak-



Pétur Maack umvafinn myndum sínum af Helgu Eldon
Tímamynd: Gunnar

með ungu fólki



Þetta eru félagarnir í Ljósklúbbnum, t.f.v. Pétur, Kjartan og Gunnar.

áhugaljósmyndara — en hann og félagar hans, Kjartan B. Kristjánsson og Gunnar S. Guðmundsson, ætla að opna ljósmyndasýningu að Kjarvalsstöðum næstkomandi miðvikudag, 3. september og mun sýning þeirra standa yfir til 16. september.

Pétur Maack er félagi í félagsskap sem nefnist Ljós, en það er félagsskapur áðurnefndra þriggja áhugaljósmyndara, sem hefur haldið tvær sýningar í Reykjavík áður, — en sú þriðja stendur fyrir dyrum að Kjarvalsstöðum eins og áður segir. Sýninguna nefna þeir félagar Ljós '75 og sýnir Pétur á milli 30 og 40 myndir af Helgu Eldon, ballerínu með meiru, og eru framangreind orð höfð eftir Pétri um þetta sérstæða framlag hans til sýningarinnar.

— Ég byrjaði að taka myndir af Helgu í marz 1974 og síðustu myndirnar af henni tók ég í vor. Fyrst tók ég um 300 myndir af henni og það var engin nothæf. Þá brugðum við á það ráð að fara í bíó saman og í gönguferðan gest til að vera með þeim á sýningunni, — ljósmyndarann Mats W. Lund, sem mun sýna stækkaðar litmyndir. Á síðustu sýningu, Ljós '73 var Gunnar Hannesson heiðursgestur þeirra.

— Auðvitað er þetta fjárhagsáhætta, sem við tökum á okkur með því að efna til sýningar. Ég gæti ímyndað mér að við hefðum fengið u.þ.b. eina krónu og fimmtíu aura fyrir hvern klukkutíma sem við unnum að síðustu sýning! Þá höfðum við fermetraverð á myndunum, þ.e. myndirnar voru misjafnlega dýrar eftir því hvað þær voru stórar — Nú verða allar myndirnar jafnstórar, og allar á sama verði, — 10 þúsund krónur. — Já, við seldum sæmilega á síðustu sýningu.

— Það var dálítið merkilegt að Heyrnleysingjaskólinn keypti af okkur þrjár stórar myndir, sem hanga uppi í þessum nýtízkulegu íbúðarhúsum upp við Öskjuhlíð.

— Hins vegar er það dálítið furðulegt, svo ekki sé meira sagt, að Listasafn ríkisins á enga ljósmynd í sínu safni, — og þetta er sérstaklega undarlegt fyrir þá sök, að öll nútímalistasöfn erlendis kaupa mjög mikið af ljósmyndum, — það er sennilega í mörgum söfnum, alveg helmingaskipti milli málverka og ljósmynda og í sumum söfnum er meirihluti listaverkanna ljósmyndir.

— Við höfum svona verið að gæla við þá hugmynd, að gefa Listasafninu eina ljósmynd, — því að þá yrðu þeir að taka við henni.

Þeir, sem eitthvað hafa fengizt við ljósmyndun sem tæki til persónulegrar sköpunar hérlendis, reka sig oft á þann vegg, sem almenningur hefur reist sér utan um skoðanir sínar á ljósmyndun. Það hefur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar heyrzt í sýningarsölum, þar sem ljósmyndarar sýna verk sín, að það sé lítið varið í þessar myndir, — því að viðkomandi manneskja þekki engan á myndunum. „Þið ætlið þó ekki að láta mig borga fyrir það, að sjá einhverjar svart/hvítar myndir af einhverju fólki sem ég hef aldrei séð, sagði frú nokkur hér í bæ við forráðamenn ljósmyndasýningar sem sett var upp. Ljósmyndarar, sem hafa litið á framleiðslu sína sem list og vinna að henni sem list, verða oft varir við þetta og önnur álíka sjónarmið.

— Telur þú, Pétur, að ljósmynd sem list hafi verið nægilega kynnt hér á landi?

— Fjandinn hafi það! Við erum búnir að sýna í tvígang, og erum að fara af stað með þriðju sýninguna — og það hlýtur að koma að því, að fólk almennt viðurkenni okkar ljósmyndir sem list. Svart/ hvítar myndir geta verið alveg æðislegar. Við erum kannski bara of óþolinmóðir og sennilega dugir það eitt að halda ótrauðir áfram.

— Við fengum strax inni á Kjarvalsstöðum í fyrra skiptið, og það voru engin vandræði þegar við sóttum um þar aftur nú. Sýningarráð hússins viðurkennir því framleiðslu okkar sem list, — en hins vegar verður ljósmyndun sem list ekki viðurkennd fyrr en almenningur hefur viðurkennt hana, — ekki fyrr en fólk byrjar í ríkara mæli að skreyta híbýli sín með ljósmyndum, alveg á sama hátt og það skreytir híbýli sín með málverkum. Ljósmynd er til að gleðja augað, og sama er að segja um málverkið, þ.e.a.s. þegar fólk kaupir ekki bara nafn málarans.

— Það er kannski aðalatriðið við listljósmyndun að vera áhugamaður, eða eins og Gunnar Hannesson orðaði það: „Þú hverfur til myndavélarinnar þegar þú hefur löngun til þess, en ekki þegar þú þarft að gera það", — þarft að skila einhverju ákveðnu verkefni, fermingarmyndum, brúðkaupsmyndum o.s.frv.

— Við viljum fá gagnrýni — listgagnrýni — á okkar myndir, en ekki eins og síðast þegar við sýndum, þegar gagnrýnendurnir ruddu mest um þann fítonskraft sem væri að baki sýningarinnar.

— Við stöndum engan veginn jafnfætis listmálurum hvað fjármálahliðina snertir. Við verðum fyrst og fremst að hugsa um að fá sem flesta gesti, en ekki að selja, skýtur Kjartan inn í.

— Já, þetta er alveg rétt. Lélegur listmálari, sem heldur sýningu þarf ekki að selja nema eina mynd til að eiga fyrir leigunni á sýningarsalnum, og hann þarf að selja aðra mynd til að eiga upp í kostnað við kaup á römmum. Við þurfum hins vegar að selja 10 myndir aðeins til að eiga fyrir leigunni!

— Við erum viðurkenndir af atvinnuljósmyndurum, og ég er dálítið undrandi á því. Það er mér hins vegar óskiljanlegt, hvers vegna atvinnuljósmyndarinn lítur ekki á sig sem listamann. Af hverju líta þeir bara á sitt starf sem atvinnu? Mér finnst, stúdíóljósmyndarar bæði geta gert miklu betur og meira ef þeir kærðu sig um. Og kannski eiga þeir fullt af listaverkum. En hvers vegna fáum við þá ekki að sjá þau? Við vitum jú um Kaldal, sem á stórkostleg portret, — en hvað vitum við um hina?

Á síðustu sýningu Ljósklúbbsins urðu nokkrar deilur um söluskatt, — en skattheimtumenn vildu söluskattskylda allar myndirnar sem seldust á sýningunni. Um þetta var mikið ritað í blöð. „Skatturinn í dómarasæti: Ljósmyndun er engin list!!" var fyrirsögn í einu blaðanna. Mál þetta endaði svo á þann veg, að söluskattur var látinn niður falla, þar sem ekki hefði þótt sýnt, að ljósmyndararnir hefðu sett upp sýninguna í ágóðaskyni. Einhvern veginn á þessa leið var það orðað í bréfi til klúbbsins frá skattinum.

— Við ætluðum að fara með þetta lengra, ef niðurstaðan hefði orðið á annan veg — og höfðum í bígerð að senda samtökum, bæði atvinnuljósmyndara og áhugaljósmyndara, á Norðurlöndum bréf um málið og óska eftir umsögn þeirra. En alls staðar á Norðurlöndum er ljósmyndun undanþegin söluskatti eins og hver annar listrænn varningur.

— Það, sem kannski er mest um vert í sambandi við svona sýningu, er það, að þetta er skapandi vinna og mikið átak sem til þarf. Ég hefði t.d. sennilega aldrei látið hvarfla að mér, að halda sýningu, vegna þess að við getum gert þetta saman og unnið að þessu saman.

— Ég held að það sé okkur öllum sameiginlegt, að líta á hlutina frá öðru sjónarhorni en almennt gengur og gerist, — og við reynum hver á sinn hátt að vera mjög persónulegir. Hér áður fyrr þurfti allur hópurinn að vera smmála um að þessi mynd og þessi mynd væri hæf á sýningu—nú er þessu ekki lengur til að dreifa, — við ráðum því sjálfir hvaða myndir verða sendar á sýninguna. Nú erum við ekki að sýna andlit hópsins heldur þrjá ljósmyndara, — og því verða myndir okkar í þremur básum á sýningunni.

— Ljósmyndun gefur mér mikið en ég hef verið að fást við þetta allt frá barnæsku, gegnum öll táningaárin — og það er fyrst núna, að ég tel mig geta framkallað og stækkað svona nokkurn veginn klakklaust.

— Ég persónulega hef mikinn áhuga á því að við höldum hópinn áfram — en þið strákar?

Kjaran og Gunnar tóku í sama streng.

— En hafið þið ekki hugsað að fjölga meðlimum klúbbsins?

— Nei, ég hef þá skoðun að það borgi sig ekki, því að við þyrftum þá að byrja að kenna þeim alls konar vinnubrögð, sem við höfum verið að læra í gegnum árin, — og þó það verði kannski litið á það sem mont, er það staðreynd sennilega engu að síður, — að við höfum sennilega hvað mesta reynslu í stækkun mynda hérlendis, eftir að hafa unnið að þremur sýningum.

Sýningin Ljós '75 verður opnuð næstkomandi miðvikudag og þar sem Pétur er hættur að tala — setjum við punkt.

—Gsal—